



Fréttabréf Skeiða- & Gnúpverjahrepps

9. tbl - 17. árg - Nóvember 2020

Brot af efni í blaði mánaðarins:



Ég þakka vinkonu minni henni Jóhönnu Lilju kærlega fyrir áskorunina. Ég ákvað að flækja ekki hlutina og skella í eina dýrindis kjúklingasúpu sem hefur verið vinsæl bæði heima fyrir og í veislum.

Hráefni:

- 3-4 msk olía -
- 1&1/2 msk karrý -
- Hvítlaukur eftir smekk -
- 1 blaðlaukur -
- 3 paprikur -
- Allt steikt saman í potti.

- Dass af sterkri chilli sósu -
- 1&1/2 lítri vatn -
- 1/2 lítri rjómi -
- Kjúklingakraftur -
- Salt og pipar -
- 8-10 kjúklingabringur -

Kjúklingasúpa!

Fyrir 8-10 manns.

- 1 askja rjómaostur -
- 1 flaska venjuleg Heinz chilli -

Kjúklingabringurnar eru snöggsteiktar og settar í súpuna áður en hún er borin fram.

Gott er að setja sýrðan rjóma, rifinn ost og doritos flögur út á súpuna þegar hún er snædd.

Ég skora svo á vinkonu mína hana Böddu í Reykhól að koma með uppskrift fyrir okkur í næsta blað.

Kveðja, Bjarni Birgisson
Bleststöðum 2A



LANDSTÓLPI 20

—2000—2020—

20%
afsláttur

Afmælistilboð **Landstólpa**
STEIN- OG BÆTIEFNI FRÁ JOSERA Á
20% AFSLÆTTI Í NÓVEMBER
Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST



Gunnbjarnarholti, 804 Selfossi
Sími 480 5600

Kaupvangi 10, 700 Egilsstöðum
Sími 480 5610

49. fundur sveitarstjórnar – 21. október 2020 í Árnosi

1. TILNEFNING FULLTRÚA Í SAMSTARFSNEFND UM VERNDAR-SVÆÐI KERLINGAFJALLA.

Lagt fram erindi frá Umhverfisstofnun þar sem óskað er eftir að tilnefndir verði tveir fulltrúar í samstarfsnefnd um verndarsvæði Kerlingafjalla, undirritað af Sigrúnu Ágústsdóttur og Daníel Jónssyni. Tillaga samþykkt samhljóða að tilefna Önnu Sigríði Valdimarsdóttur og Björgvin Skafta Bjarnason sem fulltrúa í samstarfsnefndina.

2. NEFNDARSKIPAN.

Umræða í framhaldi af máli sem rætt á síðasta fundi sveitarstjórnar. Oddviti lagði fram eftirfarandi bókun: Á síðasta fundi sveitarstjórnar urðu umræður um störf umhverfisnefndar. Þar

var bókað eftir undirrituðum að einn nefndarmann vantaði í nefndina. Þar átti að standa að einn mann vantaði í nefndina frá meirihluta og einn frá minnihluta. Tillaga samþykkt með atkvæðum, Björgvins Skafta, Einars og Matthíasar. Eftir að hafa kannað málið betur þarf ekki að fjölga í nefndinni.

Anna Sigríður Valdimarsdóttir lagði fram eftirfarandi bókun: Undirrituð tekur ekki undir bókun oddvita, þar sem hún ásamt hinum fulltrúa minnihluta, hafði áður lagt til að fjölgað yrði úr þremur nefndarmönnum í fimm. Hrönn Jónsdóttir tók undir bókunina.

3. FÉLAGHEIMILIÐ ÁRNES, NÓN-

STEINN, TJALDSVÆÐI

Umræða um rekstrarfyrirkomulag félagsheimilisins Árnos, Nónsteins og tjaldsvæðis. Oddviti greindi frá hugmyndum um að auglýsa rekstur Árnos, Nónsteins og tjaldsvæðis við Árnos til langtímaleigu. Áhugi hefur verið sýndur á rekstrinum. Samþykkt að vísa málinu til nefndar um framtíðarhlutverk Árnos og óskað eftir að hún skili álit fyrir 15. nóvember nk.

4. FJÁRHAGSÁÆTLUN 2021 - 2024. ÁHERSLUR - VINNUFERLI OFL.

Sveitarstjóri greindi frá því að vinna við fjárhagsáætlun væri hafin. Bjarni Ásbjörnsson mun vinna að fjárhagsáætlun með sveitarstjóra og aðalbókara, auk yfirmanna stofnana og sveitar-

stjórn. Lagt var fram skipulag um vinnuferli við gerð áætlunarinnar. Gert er ráð fyrir að leggja fjárhagsáætlun fram til fyrri umræðu á sveitarstjórnarfundi 4. nóvember nk. Vinnufundur verði haldnir með stjórnendum og sveitarstjórn milli fyrri og síðari umræðu. Stefnt að síðari umræðu í byrjun desember.

5. OPNUNARTÍMI SKRIFSTOFU - BREYTING

Oddviti lagði fram tillögu að breytingu á opnunartíma skrifstofu sveitarfélagsins. Nýr opnunartími verði frá og með 1. nóvember frá kl 9:00–12:00 árdegis virka daga og frá kl 13:00–14:00 mánudaga til fimmtudaga. Tillaga samþykkt samhljóða.

6. UMSÓKNIR UM LÓÐIR NEÐAN VEGAR VIÐ ÁRNES.

Umsóknir um tvær búsetulóðir neðan vegar við Árneshverfi við fyrirhugaða B götu vestan Tvísteinabrautar. Umsækjendur lóðar nr. 2 eru Irma Diaz og Guðmundur Árnason. Umsækjendur um lóð 4 eru Sigurlaug Reimarsdóttir og Grétar Ólafsson. Sveitarstjórn tekur jákvætt í umsóknirnar og felur sveitarstjóra að vinna að gerð tilheyrandi lóðarleigusamninga og leggja þá fram á næsta fundi sveitarstjórnar.

7. RAUÐUKAMBAR- HÓLASKÓGUR- SELHÖFÐI.

Lagt var fram bréffrá Rauðkömbum ehf þar sem kynntar voru hugmyndir um gestastofu við Selhöfða í Þjórsárdal. Rauðukambar hyggst kosta byggingu slíkrar geststofu. Hugmyndir eru um aðkomu annarra hags-

munaðila í Þjórsárdal. Sveitarstjórn tekur jákvætt í þær hugmyndir. Lögð fram drög að leigusamningi um Hólaskóg milli Rauðukamba ehf og sveitarfélagsins. Afgreiðslu samnings frestað.

Anna Sigríður Valdimarsdóttir lagði fram eftirfarandi bókun: Nú sem áður, situr undirrituð hjá við afgreiðslu mála er varða Rauðukamba ehf., af ástæðum sem áður hafa verið raktar.

8. FRESTUN FASTEIGNASKATTS 2020.

Lögð fram beiðni um frestun greiðslu fasteignaskatts. Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum hinn 1. apríl sl. að fresta eindögum fasteignagjalda hjá rekstraraðilum sem verða fyrir tekjutapi vegna áhrifa Covid-19 vegna fasteigna sem skattlagðar eru í c-flokki. Eindagar fasteignagjalda í mars, apríl, maí og júní, vegna eigna sem bera fasteignaskatt í c-flokki voru færðir aftur hjá þeim rekstraraðilum sem urðu fyrir tekjutapi vegna áhrifa af Covid-19 og sóttu um frestun, gerðu stuttlega grein fyrir samdrætti í rekstri og tekjutapi vegna faraldursins. Sveitarstjórn samþykkir að veita frekari fresti á sömu forsendum og áður, þannig að heimilt verður að greiða ógreidd fasteignagjöld vegna ársins 2020 fram til 31. janúar 2021, án vaxta. Sveitarstjórn veitir aðalbókara, í samráði við sveitarstjóra, heimild til að afgreiða umsóknir um frestun eindaga í samræmi við samþykkt þessa.

9. DEILISKIPULAG HELLNAHOLTS VIÐ FOSSNES BEIÐNI UM UMSÖGN.

Óskað er eftir breytingu á fjarlægð frá vegi við Hellnaholt. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við breytinguna og tekur undir umsagnir Vegagerðar og Skipulagsstofnunar vegna málsins.

10. TRÚNAÐARMÁL-OKTÓBER 2020. Máli frestað.

11. FJÁRMÁL OG REKSTUR.

Sveitarstjóri lagði fram gróft yfirlit yfir málaflokka janúar til september 2020. Yfirlitið sýnir fram á nokkuð tap á rekstrinum. Sveitarstjóri óskaði eftir framlenging yfirdráttar á bankareikningi sveitarfélagsins. Heimildin er nú 60.000.000 kr og rennur út 2. nóvember nk. óskað er eftir að hún verði framlengd í 50.000.000 kr til 2. janúar 2021. Samþykkt samhljóða.

12. SOROPTIMISTAKLÚBBUR SUÐURLANDS - STYRKBEIÐNI.

Lagt fram erindi frá Ragnheiði Hergeirsdóttur framkvæmdastjóra Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls. Þar er vísað til samtals við forsvarsmanns Soroptimistafélagsins sem vinnur að því að stofna úrræði fyrir þolendur kynbundins ofbeldis á Suðurlandi. Sveitarfélagið Árborg leggur verkefninu til húsnaði. Mælt er til þess að aðildarsveitarfélög velferðarþjónustu Árneshvíls leggi 500.000 kr samtals til verkefnisins. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að leggja 50.000 kr til verkefnisins og hvetur önnur sveitarfélög á Suðurlandi til að leggja verkefninu lið.

13. REIÐHÖLLIN FLÚÐUM - BEIÐNI UM STYRK.

Lagt fram bréf frá stjórn Reiðhalarinnar undirritað af formanni. Óskað er eftir styrk til starfsemi Reiðahallarinnar. Sveitarstjórn hafnar beiðninni að svo stöddu.

14. HUGMYNDIR UM HJÚKRUNAR-HEIMILI.

Lagt fram erindi frá vinnuhóp er fjallar um möguleika á að byggja upp hjúkrunarheimili í uppsveitum Árnassýslu. Undirritað af Aðalsteini Þorgeirssyni. Sveitarstjórn samþykkir að leita álits á erindinu hjá félagi eldri borgara í sveitarfélaginu og velferðarnefnd.

15. FUNDARGERÐ 203. FUNDAR SKIPULAGSNEFNDAR

Mál 21.

Kílhraun land L191805; Áshildarvegur 2-26; Úr frístundabyggð í íbúðabyggð; Deiliskipulagsbreyting - 2009071

Lögð er fram umsókn og sameiginleg skipulagslýsing frá Áshildarmýri ehf. vegna

breytinga á aðal- og deiliskipulagi við Áshildarveg 2-26 úr landi Kílhrauns land L191805. Í umsótttri breytingu felst að frístundabyggð breytist í íbúðarbyggð.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps að málið verði samþykkt á grundvelli 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og að lýsing verði kynnt og send umsagnaraðilum til yfirferðar.

Sveitarstjórn samþykkir ofangreinda umsókn á grundvelli 40. Gr skipulagslaga nr. 123/2010 og er einnig samþykkt að lýsing verði kynnt og send umsagnaraðilum til yfirferðar.

Mál 22.

Kílhraun land L191805; Áshildarvegur 2-26; Úr frístundabyggð í íbúðabyggð; Aðalskipulagsbreyting - 2009070

Lögð er fram umsókn og sameiginleg skipulagslýsing frá Áshildarmýri ehf. vegna breytinga á aðal- og deiliskipulagi við Áshildarveg 2-26 úr landi Kílhrauns land L191805. Í umsótttri breytingu felst að frístundabyggð breytist í íbúðarbyggð.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps að málið verði samþykkt á grundvelli 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og að lýsing verði kynnt og send umsagnaraðilum til yfirferðar.

Sveitarstjórn samþykkir ofangreinda umsókn á grundvelli 30.

Gr skipulagslaga nr. 123/2010 og er einnig samþykkt að lýsing verði kynnt og send umsagnaraðilum til yfirferðar.

Mál 23.

Álfsstaðir L166433; Álfsstaðir 3; Stofnun lóðar - 2009087

Lögð er fram umsókn frá Sigurði Ársælssyni vegna landskipta úr jörð Álfsstaða L166433. Í umsókninni felst að óskað er eftir að stofna 17,4 ha landeign úr jörðinni sem fái staðfangið Álfsstaðir 3. Aðkoma að landinu er frá Vorsabæjarvegi (324) skv. meðfylgjandi lóðablaði. Fyrir liggur samþykki eigenda aðliggjandi landeigna á hnitsettri afmörkun Álfsstaða 3. Lóðablaðið sýnir að Álfsstaðir L166433 sé um 477 ha fyrir landskiptin en skv. fasteignaskrá er hún skráð 60,7 ha. Ekki liggur fyrir samþykki á hnitsettri afmörkun jarðarinnar.

Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við stofnun landeignarinnar né heitið skv. fyrirbyggjandi umsókn en tekur ekki afstöðu til afmörkunar né stærðar upprunajarðarinnar sem fram kemur á lóðablaðinu þar sem ekki liggur fyrir samþykki á hnitsetningu hennar og verður hún því skráð með stærðina 43,3 ha eftir skiptin. Ekki er gerð athugasemd við staðfestingu landskipta skv.13. jarðalaga. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykki erindið með fyrirvara um samþykki Vegagerðarinnar fyrir vegtengingu að landinu.



Steinsögur

Tek að mér steinsögur í uppsveitum Árnassýslu, get sagað allt að 27 cm. Verð og aðrar upplýsingar veitir Kristján Valur í síma: 8657158

Leiknefnd Ungmennafélags Gnúpverja hefur ákveðið að setja ekki upp leikrit í vetur. Stefnt verður að uppsetningu leikrits næsta vetur. Leiknefnd U.M.F.G

Skilafrestur í fréttabréf 2020

Desember

Skil á efni: 3. desember

Skilafrestur í næsta blað er

3. desember

Útgáfudagur er viku síðar

Sveitarstjórn samþykkir ofangreint erindi með fyrirvara um samþykki Vegagerðarinnar fyrir vegtengingu að landinu.

Mál 24.

Áshildarvegur 7 L230355; Áshildarvegur 7A og 7B; Skipting lóðar; Fyrirspurn - 2010019

Lögð fram fyrirspurn Skúla Baldurssonar og Ingunnar Magnúsdóttur, dags. 4. október 2020, þar sem óskað er eftir að fá að skipta íbúðarhúsalóðinni Áshildarvegur 7 L230355 í tvær lóðir sem fengju staðföngin Áshildarvegur 7A og 7B. Lóð 7B yrði 3.000 fm sem nýtt yrði til að ræktunar og útivistar og lóð 7A yrði 10.000 fm eftir skiptin og yrði áfram íbúðarhúsaloð.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps að ekki verði samþykkt að skipta lóðum upp, á þegar skipulögðum svæðum í íbúðarlóðir og ræktunar - og útivistarlóðir. Almenn skuli lóðum innan skipulagðra svæða ekki skipt upp nema mjög ríkar ástæður liggi að baki. Að auki er slík uppskipting ekki í samræmi við núverandi byggðarmynstur eða notkun innan deiliskipulagssvæðisins. Umsókn um heimildir fyrir slíkum uppskiptingum er í öllum tilfellum háð breytingu á deiliskipulagi svæðisins og ætti sú heimild að taka til svæðisins í heild sinni.

Mál 25.

Hæll 3 Ljóskolluholt L166571 og Hæll 3 Norðlingaflöt L229847; Deiliskipulag - 2010018

Lögð er fram umsókn frá Höllu Sigríði Bjarnadóttur er varðar deiliskipulag fyrir Hæl 3 Ljóskolluholt og Hæl 3 Norðlingaflöt. í deiliskipulaginu felst m.a. skilgreining bæjarstæðis og byggingarheimilda að Ljóskolluholti auk skilgreiningar á svæði fyrir fimm frístundahús að Norðlingaflöt.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess að málinu verði frestað og að heimildir skipulagsins m.t.t. fjölda frístundahúsa verði skoðaðar betur í samhengi við skilmála aðalskipulags. Skipulagsfulltrúa falið að annast samskipti við hönnuð og umsækjanda.

Sveitarstjórn frestar ofangreindu erindi og óskar eftir að heimildir tilheyrandi skipulags varðandi fjölda frístundahúsa verði skoðaðar. Skipulagsfulltrúa falið að annast samskipti við hönnuð og umsækjanda.

Mál til kynningar:

16. SEYRUMÁL FUNDARGERÐ.

17. SKÓLA- OG VELFN. ÁRNESÞING - FUNDARGERÐ GJALDSKRÁ.

18. KYNNING Á VIRKJANAKOSTUM LANDSVIRKJUNAR

19. AFGREIÐSLUR BYGGINGAFULLTRÚA 20-128

20. AÐALFUNDUR SAMTAKA ORKUSVEITARFÉLAGA 29. OKT. 2020 FJARFUNDUR

21. FRV. TIL LAGA UM BREYTINGU Á BARNALÖGUM SKIPT BÚSETA

BARN SÞINGSKJ. 0011

22. FRV. TIL LAGA UM BREYTINGU Á LÖGUM UM KYNRÆNT SJÁLFRÆÐI ÞINGSKJ. 0021

23. FUNDARGERÐ STJÓRNAR SASS 565

24. STYRKUR FRÁ MENNTAMÁLARÁÐUNEYTI - ÞJÓÐVELDISBÆR

25. 21. FUNDARGERÐ STJÓRNAR BERGRISANS 12.10.2020

26. LANDSPING DES 2020

27. FUNDARGERÐIR SAMBANDS SVEITARFÉLAGA

28. 117 FUNDUR SNS OG FÉLAGS LEIKSKÓLAKENNARA

GETRAUNANÚMÉR UMFS ER - 799

GETRAUNANÚMÉR UMFG ER - 802

MINNINGARKORT ÓLAFSVALLAKIRKJU
FÁST HJÁ
GUÐJÓNI VIGFÚSSYNI: 896-5736

MINNINGARKORT STÓRA- NÚPSKIRKJU
FÁST HJÁ MARGRÉTI STEINÞÓRS-
DÓTTUR: 486-6017



Allar fundargerðir og fylgiskjöl eru aðgengileg á skeidgnup.is
Scannaðu QR kóðan og þú getur farið beint á fundargerðasíðuna.

Spáð í bollan

Á þessum skrítnu tímum er mikilvægt að huga vel að heilsu sinni og skorum við á fólk að vera meðvitað um hvað það setur í heilsubollann sinn (líkama okkar). Líkami okkar er eins og bolli sem við fyllum á og vonum að við höldum góðri heilsu. Það gætu verið einhverjar sprungur, misstórar, þar sem er leki sem hefur áhrif á okkar heilsu. Þessar sprungur geta verið vegna álags, andlegs eða líkamlegs, sem hefur neikvæð áhrif á heilsu okkar.



Þess vegna er mikilvægt að vera meðvituð um hvað við setjum í heilsubollann okkar og minnka það sem hefur neikvæð áhrif á heilsu okkar.

Hvað fer í heilsubollann þinn?



Látum það ganga!

Það er gott fyrir líkama og sál að fara út að ganga. Ekki bara fyrir líkamann heldur líka fyrir okkar andlegu líðan. Okkur líður betur og við fáum meiri orku og lífsgæði aukast. Ef gengið er í náttúrulegu umhverfi þá sýna

til dæmis fundargerðabækur.

Erindi mitt við þig er þetta:

Mig vantar enn bækur sem ná yfir tímabilið frá 1920 – 1935; það vantar fimmtán mikilvæg ár inn í þessa sögu. Gögn frá þessum tíma hefur mér ekki tekist að finna, utan fundargerðabóka hreppsnefndar Biskupstungnahrepps og Sýslunefndar Árnessýslu. Þar fyrir utan er um að ræða glefsur úr öðrum bókum sem tengjast uppsveitunum, sem héraðsskjalasafnið geymir.

Þú ert kannski afkomandi einhverra þeirra forystumanna sem komu við sögu á þessum tíma og hugsanlega geymir fjölskyldan þín einhver gögn sem þeir létu eftir sig,

rannsóknir að það hefur betri áhrif á líkama og sál heldur en að ganga á malbiki eða á göngubretti. Hugum að sóttvörnum en bjóðum öðrum með í göngutúr, hvort sem er vini, maka eða fjölskyldumeðlimum, t.d gæti hundurinn eða kötturinn verið mjög ánægður með stuttan göngutúr.

Skorum líka á aðra að gera hið sama og þannig höfum við jákvæð áhrif á samfélagið í kringum okkur.

Látum það ganga! :)




þar sem ein til tvær litlar fundargerðabækur gætu leynst. Ert þú til í að leita þessi gögn uppi, eða láta okkur vita hvar líklegt er að þau sé að finna? Elsta bókin sem við höfum er ekki nema 11x17 cm að stærð (sjá meðfylgjandi mynd), svo hér er líklega ekki um að ræða stórar eða miklar bækur. Mögulega bara eina bók.

Það getur verið, að fundargerðir oddvitanna á þessum tíma, hafi verið skráðar í fundargerðabók

Finum þessar bækur

Ég segi nú stundum, að án sögunnar, værum við ekki að spígspora um þessa jörð. Það fólk sem ól okkur af sér á líka sína sögu og þar fram eftir götunum, langt inn í fortíðina. Okkur ber skylda til að halda frásögnum af verkum og lífi þess til haga, eftir föngum.

Undanfarin ár hef ég verið að taka saman ýmsar upplýsingar um Laugarás og er búinn að koma upp vef sem kallast laugaras.is, sem geymir það sem ég hef tekið saman um þennan þéttbýliskjarna, sem á sér stutta, en sérstaka sögu. Hluti af þessari samantekt á að vera nokkurskonar saga Laugaraslæknishéraðs, sem áður kallaðist Grímsneslæknishérað, en þar sem uppsveitamenn virðast hafa komið sér hjá því að vera mikið á síðum dagblaða, þarf að treysta á þau gögn sem hafa orðið til innan svæðisins,



einhverrar hreppsnefndarinnar, en því miður eru þær einnig ófundnar, utan fundargerðabóka Biskupstungnahrepps frá þessum tíma. Í þeim er ekki mikið fjallað um læknishéraðið.

Til fróðleiks læt ég hér fylgja nöfn forystumanna úr hreppunum sem komu að læknishéraðinu á árunum 1920-1935. Þeir eru sannarlega fleiri, en þessar upplýsingar eru úr fundargerðabókum sýslunefndar Árnessýslu, Biskupstungnahrepps og oddvitaneftndar. Kannski kveikir það í þér.

Biskupstungnahreppur:

Sr. Eiríkur Þ. Stefánsson, Torfastöðum

Jörundur Brynjólfsson, Múla og Skálholti

Einar Jörundur Helgason, Holtakotum

Jóhann Kr. Ólafsson, Kjóstöðum
Guðjón Rögnvaldsson, Tjörn
Skúli Gunnlaugsson, Bræðratungu.

Hrunamannahreppur:

Ágúst Helgason, Birtingaholti
Helgi Ágústsson, Syðra Seli

Gnúpverjahreppur:

Sr. Ólafur Briem, Stóra Núpi
Páll Stefánsson, Ásólfsstöðum

Grímsneshreppur:

Gunnlaugur Þorsteinsson, Kiðja-bergi

Magnús Jónsson Klausturhólum
Sr. Guðmundur Einarsson, Mosfelli

Laugardalshreppur:

Böðvar Magnússon. Laugarvatni
Teitur Eyjólfsson, Eyvindartungu

Skeiðahreppur:

Guðmundur Lýðsson, Fjalli
Brynjólfur Bjarnason, Framnesi
Eiríkur Jónsson, Vorsabæ

Ef þér skyldi takast að grafa upp þessa gömlu bók (eða bækur), eða ef þú gætir veitt einhverjar upplýsingar um hvar hana gæti verið að finna, bið ég þig að hafa samband við eitthvert þeirra sem hér eru tilgreind:

Páll M. Skúlason netfang:
pallsku@gmail.com

sími: 898-9152

Þorsteinn Tryggvi Másson netfang:
thorsteinn@heradsskjalasafn.is
sími: 482-1259

eða oddvitann í þínu sveitarfélagi.

Með fyrirfram þökk.

Páll M Skúlason



HELSUGÆSLUSTÖÐIN LAUGARÁSI

Sími: 432-2770

Opið virka daga kl. 08 - 16

Símatímar lækna kl. 9-10 & 13-14

Lyfjaendurnýjun er milli kl. 8-9
í síma 432-2020.

Einnig rafrænt á www.heilsuvera.is

Utan opnunartíma er þjónusta lækna á Selfossi. Sími vaktþjónustu lækna og hjúkrunarfræðinga er 1700

Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings.

Ragnheiður Hergeirsdóttir
forstöðumaður
ragnheidur@arnesthing.is

Velferðarþjónusta Árnesþings í
Laugarási. Sími: 480-1180

Í NEYÐARTILVIKUM HRINGIÐ Í 112



Hrunaprestakall

Kæru sveitingar,

Enn herjar veirufaraldurinn á samfélag okkar og þjóð. Og enn mun því reyna á samstöðu okkar, þrautseigju og æðruleysi. Hefðbundið helgihald í kirkjunum okkar liggur niðri á meðan núverandi samkomutakmarkanir eru í gildi. Aðventusamkomur verða ekki haldnar þetta árið en við munum þó örugglega reyna að nýta okkur tæknina í því að senda aðventukveðju inn á heimilin. Skipulag á helgihaldi

jólanna verður síðan sérstaklega skoðað í byrjun aðventunnar. Við hljófum að vona að þá verði búið að rýmka verulega samkomutakmarkanir, miðað við það sem nú er, en óháð því þykir mér líklegt að í boði verði að fylgjast með jólamessunum í gegnum streymi eða upptökur á netinu. Nánar um það í næsta Fréttabréfi og Pésa.

Sem fyrr hvet ég okkur öll til að hlúa vel hvert að öðru og nota tæknina til að vera í samskiptum. Hægt er að ná í mig í síma 856-1572 og í gegnum netfangið hrunaprestur@gmail.com.

Það verður mikill léttir þegar við náum að kveða niður þessa leiðu pest og getum á ný tekið upp eðlileg dagleg samskipti. Vonandi er ekki mjög langt í þann veruleika en þangað til er æðruleysisbænin, eins og oft áður, gott veganesti:

Guð gefðu mér æðruleysi til að sætta mig við það sem ég fæ ekki breytt, kjark til að breyta því sem ég get breytt og vit til að greina þar á milli.

Með blessunaróskum,
Óskar Hafsteinn Óskarsson,
sóknarprestur



Guðbjörg Hulda Albertsdóttir



Guðjón Bjarni Hálfðánarson



Við viljum heyra frá þér

Við veitum alla þjónustu í síma, netspjalli og tölvupósti.

440 2470 | sudurland@sjova.is



Guðmundur Karl Sigurdórsson



SJÓVÁ

Leikholttsfréttir

Í Leikholti er mikið um að vera alla daga eins og alltaf. Við leggjum okkur fram að hafa leikskólastarfið eins eðlilegt og hægt er miðað við Covid aðstæður í heiminum.

Það hefur verið ýmist uppbrot í starfinu í október og þar á meðal var haldinn Bleikur dagur föstudaginn 16. október – þá mættu lang flestir í einhverju bleiku þann daginn.

Börnin voru með öðruvísi dag þann 22. október og börnin fædd 2016 og 2015 sem eru í Hestfjalli kusu um þennan dag á lýðræðislegan hátt og þessi dagur varð Dýradagur. Þennan dag máttu allir koma í einhverjum dýrafötum eða búning og með eitt leikfangadýr með sér.

Síðan var alþjóðlegi Bangsadagurinn haldinn hátíðlegur þann 27. október og máttu þá allir koma í náttfötum þann daginn og með bangsa með sér.

Ýmislegt annað eru við í Leikholti búin að bralla eins og poppa úti á eldstæðinu okkar, borða úti í sídegishressingu, fara í gönguferðir um nágrennið og hittast í samsöng í sal á tveggja vikna fresti.

Við sendum hlýjar og jákvæðar kveðjur til ykkar allra frá Leikholti.



Fréttir frá Þjórsárskóla

Bleiki dagurinn

- **Föstudaginn 16. október** – Markmiðið með deginum er að sýna samstöðu í baráttunni gegn krabbameini með því að klæðast bleiku og hafa bleikt í fyrirrúmi þennan dag. Frábær samstaða í Þjórsárskóla.

Frétt frá miðstigi

Á miðstig eru nemendur að læra um vélar í eðlisvísindum. Í verklegu unnu þeir með hjól og ás, vogarafl, trissu og fleyg. Hér koma myndir frá þessu starfi.

Jól í skókassa

Á hverju ári taka nemendur og starfsmenn Þjórsárskóla þátt í verkefninu Jól í skókassa. Það er hluti af verkefni okkar um sjálfbærni. Þetta verkefni felst í því að gleðja börn sem lifa við fátækt, sjúkdóma og erfiðleika með því að færa þeim jólagjafir. Gjafirnar eru settar í skókassa og mælst er til þess að heimili endurnýti fatnað og leikföng sem til eru heima fyrir en kaupi ekki allt nýtt.

Gjafirnar fara til Úkraínu og er dreift á munaðarleysingjahæli, barnaspítala og til einstæðra mæðra sem búa við sára fátækt.





PRØMYND

- Brúðkaup -
- Viðburðir -
- Auglýsingar -
- Streymi -
Og allt þar á milli!

Alhliða myndbanda framleiðsla!
ProMynd.is - ProMynd@ProMynd.is

SUNDLAUGAR

SKEIÐALAUG

Sími: 486-5500

19. ágúst - 31. desember

mánudaga kl.18:00-22:00.
þriðjudaga LOKAÐ.
miðvikudaga LOKAÐ
fimmtudaga kl.18:00-22:00.
föstudaga LOKAÐ
laugardaga LOKAÐ
sunnudaga LOKAÐ

NESLAUG

Sími: 486-6117

1. okt 2020 - 31. maí 2021

mánudaga LOKAÐ
þriðjudaga LOKAÐ
miðvikudaga kl.17:00-22:00.
fimmtudaga LOKAÐ
föstudaga LOKAÐ
laugardaga kl.13:00-18:00.
sunnudaga LOKAÐ

Umsjónarmaður er Eypór Brynjólfsson

Sími: 897-1112 | Netfang: eythorb@gmail.com



Frettabréf
Skeiða- & Gnúpverjahrepps

ÁBYRGÐARMAÐUR:

Kristófer A. Tómasson

UMSJÓN OG UMBROT:

Amenic ehf. / Matthías og Kristján

Blaðinu er dreift ókeypis á öll heimili og fyrirtæki í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Skilafrestur í næsta blað er 3. desember.

Útgáfudagur er rúmri viku síðar.

Netfang: frettabref@skeidgnup.is

Heimasíða: www.skeidgnup.is

GÁMASVÆÐIN

Opnunartímar:

Við Árnes:

Þriðjudaga kl. 14-16

Laugardaga kl. 10-12

Í Brautarholti:

Miðvikudaga kl. 14-16

Laugardaga kl. 13-15

Gjaldskyldur úrgangur:

Almennur óflokkaður úrgangur frá heimilum og fyrirtækjum. Blandaður óflokkaður úrgangur. Tímur málað og ómálað. Vörubretti. Húsgögn. Gler. Gifs og gifsplötur. Steinefni/múrbrot. Annar grófur úrgangur. Hjólbarðar m/felgum.

Gjaldfrjáls úrgangur:

Hreinar plastumbúðir. Annað flokkað plast (hreint). Bylgjupappi. Dagblöð, tímarit og pappír. Fernur. Flokkaðir málm-ar. Hjólbarðar. Raftæki.

Umsjónarmaður: Björn Axel Guðbjörnsson

GSM: 893-4426 | Netfang: björn@skeidgnup.is



WebPro

**VEFSÍÐUR
VEFHÝSING
TÖLVUPÓSTUR
FORRITUN**

WWW.WEBPRO.IS

WEBPRO@WEBPRO.IS | SÍMI: 419 2525

SKRIFSTOFA SKEIÐA- OG GNÚPVERJAHREPPS

SVEITARSTJÓRI

Kristófer A. Tómasson

486-6113 & 861-7150 kristofer@skeidgnup.is

RITARI OG VEFUMSJÓN

Kristjana H. Gestsdóttir, Hrönn Jónsdóttir

Sími: 486-6105

kidda@skeidgnup.is - hronn@skeidgnup.is

ÁHALDAHÚS/ÞJÓNUSTUSTÖÐ

Björn Axel Guðbjörnsson

Sími: 893-4426 - björn@skeidgnup.is

ODDVITI

Viðtalstími miðvikudaga kl. 13-16

Björgvin Skafti Bjarnason

Sími: 895-8432 - oddviti@skeidgnup.is

ÞJÓRSÁRSKÓLI

Sími 486-6000

Skólastjóri: Bolette Høeg Koch

Sími: 486-6051 & 895-9660

bolette@thjorsarskoli.is

LEIKSKÓLINN LEIKHOLT

Sími: 486-5586 - leikholt@leikholt.is

Leikskólastjóri: Elín Anna Lárusdóttir

Sími: 895-2995


AÐALBÓKARI OG LAUNAFULLTRÚI

Sylvía Karen Heimisdóttir

Sími: 486-6104 - sylviakaren@skeidgnup.is

OPNUNARTÍMI: Mánudaga til fimmtudaga: 9-12 & 13-14. Föstudaga: 9-12

SÍMI: 486-6100 - **NETFANG:** skeidgnup@skeidgnup.is



SELÁSBYGGINGAR ehf

Reisum með reisu

Sími: 894-4142

FJARSKIPTAFÉLAG

SKEIÐA- OG GNÚPVERJAHREPPS

LJOS@SKEIDGNUP.IS

SIGVALDI K. JÓNSSON: 863-4111

JÓN HÁKONARSON: 669-0095

